



Starfsskýrsla Hljóðbókasafns Íslands 2023

Hljóðbókasafn Íslands veitir öllum sem búa við
sjónskerðingu eða lestrarörðugleika
tækifæri til að njóta bóka og stunda nám

EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	3
Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið	4
Skipurit	5
Innra starf	6
Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar	6
Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar	7
Stefnumótun og áherslur	8
Fjármál	9
Húsnæðismál	10
Þjónustan við okkar fólk	10
Samstarf við Rithöfundasambandið og Myndstef	11
Samráðshópur	11
Millisafnalán og bókaveitan ABC	12
Gervigreind og máltækni	12
Norrænt samstarf	13
Útgáfa án aðgreiningar	14
Safnkostur	14
Kynningarstarf	15
Starfsþróunaráætlun	17
Lykiltölur	18
Bækur gerðar aðgengilegar 2023	18
Hlutfall keyptrra hljóðbóka af útgefendum	18
Lánþegar	19
Þjónustuástæða	19
Aldur virkra lánþega í árslok 2023.....	20
Fjöldi lánþega eftir kyni	20
Útlán	20
Tegund útlána 2021–2023	20
Meðaltalsútlán á lánþega 2020–2023	21
Meðaltal útlána á hvern lánþega eftir aldri.....	21
Útlán út frá þjónustuástæðu	21
Grunnupplýsingar	22
Lesarar 2023	23
Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2023	24

Hljóðbókasafn Íslands 2024

Ábyrgðarmaður: Marín Guðrún Hrafnadóttir

Umbrot: Blek | blekhonnun.is Forsíðumynd: freepik.com

Prentun: Háskólaprent

Myndir: Íris Stefánsdóttir, Sigurður Bogi Sævarsson og starfsmenn safnsins.

Starfsskýrslan er aðgengileg fyrir þá sem eiga erfitt með prentað letur á www.hbs.is og í appinu HBS.

Frá forstöðumanni

Það fer ekki fram hjá neinum að miklar breytingar eru að verða í tækni og gervigreind. Hljóðbókasafn Íslands fylgist vel með þróun talgervla og leggur sitt af mörkum með þátttöku í máltækniáætlunarverkefni ríkisins sem vonandi tryggir að íslensk tunga nái að halda í við þessa öru þróun. Breytingarnar gerast hratt og sjálfvirknivæðingin virðist alls ráðandi. Að mörgu leyti er þróunin jákvæð og hjálpar þeim sem eiga erfitt með að lesa texta með tæknilausnum en mikilvægt er að viðurkenna um leið að ekki eru öll sem geta nýtt sér nýja tækni og/eða fylgt eftir nýrri tækni.

Hljóðbókasafn Íslands þjónar ólíkum hópum og það hlutverk þýðir að samhliða því að fylgjast vel með tækninýjungum þarf að passa upp á að ofuráhersla á tækni og breyttan heim útiloki ekki þá sem illa geta nýtt sér slíkar lausnir. Í raun má tala um að safnið hafi fengið nýtt hlutverk sem er þá að finna jafnvægið á milli þess að fylgjast vel með tækniþróun og verja um leið þann hóp sem þarfnast annars konar þjónustu og tala þeirra máli. Þannig leggur safnið áherslu á rafrænar miðlunarleiðir fyrir flesta lánþega en hugar um leið að þeim sem kjósa hljóðbækur á geisladiskum og þeim sem nýta vefvarpstæki frá Blindrafélaginu.



Eins og fyrri ár var áhersla lögð á að sinna kjarna- starfsemi safnsins sem er að velja bækur sem gera á aðgengilegar og sjá um lestur og miðlun á þeim. Framleiðsla á hljóðbókum gekk ágætlega en þó er áhyggjuefni að aðgengilegum bókatitlum fer ívið fækkandi á milli ára. Þetta skýrist af hækkun á öllum gjaldaliðum. Framlag til umbótaverkefna fékkst í lok árs sem nýtt verður á árinu 2024 í nauðsynlegar uppfærslur á tölvukerfum og búnaði.

Auk eigin framleiðslu á aðgengilegum bókum keypti safnið hljóðrit af útgefendum og nam sá hluti 22% á árinu af nýjum bókatitlum og hefur aldrei verið hærra. Er þetta í takt við þá breytingu sem orðin er í útgáfu hljóðbóka á markaði.

Marín Guðrún Hrafnadóttir
Forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

Hljóðbókasafn Íslands heyrir undir Menningar- og viðskiptaráðuneytið. Safnið var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands. Hlutverkið er skýrt í lögum og í þeim eru skilgreind meginverkefni en safnið starfar eftir reglugerð frá árinu 2013, bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972.

Starfsemi safnsins snýst um réttindi fyrir fatlað fólk og aðra sem ekki geta lesið prentað mál. Safnið er viðurkennd eining í skilningi 3. töluliðar 19. gr. a höfundalaga og er heimilt skv. 2. mgr. 19. gr. c sömu laga að nota verk og annað efni sem nýtur verndar skv. höfundalögum á þann hátt sem þar greinir.


Lögbundið hlutverk er að veita bókasafnsþjónustu fyrir þann hóp sem ekki getur lesið prentað mál skv. skilgreiningu ákvæða 19. gr. b – 19. gr. e í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda.

Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði frá sérfræðingi um lestrarhömlun.

Markmið og stefna stofnunarinnar er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir fólk sem ekki getur lesið prentað mál og efla þannig og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast námsefni sem búið er að gera aðgengilegt. Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum. Þannig miðar starfsemin að því að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum.

Skipurit



Innra starf

Ár hvert eru um 350-400 bækur gerðar aðgengilegar á vegum safnsins. Áhersla er lögð á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna auk námsefnis fyrir framhaldsskóla.

Safnið er alfarið stafrænt safn og mikil vinna hefur átt sér stað til að tryggja sem best öryggi gagna og safnkosts. Þá er vonast til þess að ný og betrubætt útgáfa af appi Hljóðbókasafnsins verði tekin í notkun á árinu 2024.

Innra starf miðar að því að þróa leiðir til bættrar þjónustu og mæta, eins og hægt er, ólíkum þörfum lánþega. Kapperlagt á að tryggja sem best hnökralausa þjónustu, bæði með persónulegri þjónustu og með því að rafrænar miðlunarleiðir virki án vandkvæða.

Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar

Útlána- og upplýsingadeild aðstoðar lánþega í öllum samskiptum við safnið og starfsfólk tekur þátt í að þróa leiðir til bættrar þjónustu. Þjónusta deildarinnar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál. Útlánadeild sér um allar umsóknir og fer yfir þau vottorð sem berast og er í góðu samstarfi við sérfræðinga, s.s. sérkennara og lækna. Þá sér deildin um að svara almennum erindum og fyrirspurnum í síma og með tölvupósti og aðstoða þá lánþega sem þess óska. Einnig heldur deildin utan um óskir um að tiltekna bækur verði gerðar aðgengilegar.

Um 9% útlána eru í formi geisladiska og eldri lánþegar hringja gjarnan inn og velja sitt efni með starfsfólki eða fá aðstoð við tæknileg vandamál.

Samstarf við hagaðila s.s. rithöfunda, þýðendur, sérkennara og útgefendur er stór hluti starfseminnar og mikilvægt að vera í góðum tengslum við þá.

Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á safninu eru tvær deildir; útlána- og upplýsingadeild með tvo starfsmenn og framleiðslu- og tæknideild með fjóra starfsmenn. Alls eru starfsmenn sjö að forstöðumanni meðtöldum. Að auki eru lesarar sem starfa í verktöku.

Peir hópar sem nýttu safnið mest árið 2023 voru blindir og sjónskertir og elsti aldurshópurinn.

Geisladiskanotkun safnsins hefur á fimm árum farið niður um 50% og er því í góðu samræmi við breytingar og rafrænar tæknilausnir. Einn liður í þessari þróun er að bjóða elsta aldurshópnum upp á aðstoð við að nota safnið með rafrænum hætti. Tækniþróun er mikilvæg en samhliða henni þarf að passa upp á þá lánþega sem illa geta nýtt sér tæknilausnir og finna jafnvægið á milli þess að fylgjast vel með og verja um leið þann hóp sem enn þarfnast annars konar þjónustu. Þannig þjónustar útlánadeildin lánþega sem þurfa geisladiska og þá sem nýta vefvarpstæki Blindrafélagsins á persónulegan og alúðlegan hátt.

Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar

Framleiðslu- og tæknideild ber ábyrgð á tæknilegum rekstri og framleiðslu á aðgengilegu efni fyrir lánþega safnsins. Þetta felur meðal annars í sér að tryggja að viðeigandi tækni til rekstrar og framleiðslu sé til staðar og virki rétt samkvæmt þeim stöðlum og kröfum sem eiga við.

Til að tryggja þetta tekur deildin meðal annars virkan þátt í alþjóðasamstarfi, ekki síst til að fylgjast með þróun mála, en einnig til að einfalda, nútímavæða og ná fram hagræðingu í tæknilegum rekstri með notkun og aðlögun á samræmdum lausnum systurstofnana okkar. Einnig sér deildin um samstarf Hljóðbókasafnsins á innlendum vettvangi, meðal annars það sem snýr að Máltækniáætlun stjórnvalda. Samskipti við þjónustuaðila tölvukerfa eru einnig á ábyrgð deildarinnar.

Fjöldi lesara starfa hjá safninu sem verktakar.

Deildin hefur til umráða fjögur hljóðver en safnið kaupir einnig hljóðbækur af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær henti blindum og sjónskertum. Að velja inn og vera í samskiptum við lesara, undirbúa bækur og ganga frá þeim eftir innlestur er mikilvægur þáttur starfseminnar, auk þess að lagfæra og yfirfara eldri bækur.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að gera fleiri hljóðbækur með texta og þá sérstaklega námsbækur, sú breyting skiptir verulegu máli fyrir lesblinda og hefur mælst vel fyrir. Safnið leggur sérstaka áherslu á gerð námsbóka fyrir framhaldsskólastig og er því í góðum tengslum við skóla og námsráðgjafa.



Geisladiskaútlánnum hefur fækkað verulega en hér má sjá mynd frá því að sú tækni var allsráðandi á safninu.

Stefnumótun og áherslur

Unnið var í samræmi við stefnu safnsins (Stefna og framtíðarsýn Hljóðbókasafns Íslands 2022–2025) og aðgerðabundin markmið. Verkefnin eru unnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi Hljóðbókasafns Íslands eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja meggi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að veita persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka samstarf.
- Góð nýting fjármuna.



Kasettur voru bylting á sínum tíma og voru bækur Blindrabókasafnsins sendar um allt land í því formi. Allt að 10 kasettur þurfti fyrir lengstu bækurnar en hver kasetta var 90 mínútur að lengd.


Kjarninn í vinnunni er að finna leiðir og lausnir til að veita framúrskarandi þjónustu með samvinnu og alúð að leiðarljósi. Er þetta í samræmi við gildi safnsins sem eru þjónusta, alúð og samvinna.

Fjármál

Yfirbygging Hljóðbókasafns Íslands er lítil og á safninu starfa einungis sjö starfsmenn. Rekstur á árinu var í samræmi við gildandi áætlanir en til þess að ná niður halla fyrri ára og vegna hækkunar á öllum gjaldaliðum fækkaði aðgengilegum bókum frá árinu á undan um 7%. Vonast er til þess að hægt verði að snúa þessari þróun við á árinu 2024.

Á árinu 2023 fóru 45% í laun og 37% í aðkeypta þjónustu. Þar undir færast verktakalaun til lesara, bótagreiðslur til rithöfunda, samningar við Rithöfundasamband Íslands og Myndstef, rekstur tölvukerfa og hýsing gagna.

Húsnæðiskostnaður var 10% af heildarútgjöldum, þar næst komu rekstrarvörur sem voru 5%, 3% fóru í ferðir og fundi og 1% í annan rekstrarkostnað.



Húsnæðismál

Í lok árs 2022 flutti Ráðgjafar- og greiningarstöð frá Digranesvegi 5 í annað húsnæði. Við þá breytingu urðu þrjár hæðar í húsnæðinu tómar. Um nokkurt skeið hefur verið rætt um flutning Hljóðbókasafnsins og fyrir liggur þarfagreining á húsnæðisþörf og flutningsheimild auk þess sem haldnir hafa verið fundir með Framkvæmdasýslu-Ríkiseignum um húsnæðismál safnsins. Þá hefur Blindrafélagið lýst yfir áhuga á að fá safnið í hús og hefur boðist til að hýsa safnið þegar ný hæð er risin í Hamrahlíðinni. Vonir standa til þess að hreyfing komist á húsnæðismál safnsins á árinu 2024.



Sigbór U. Hallfreðsson er formaður Blindrafélagsins og er myndin tekin á 40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins í maí 2022.

Þjónustan við okkar fólk

Blindrafélagið er mikilvægur bakhjarl Hljóðbókasafnsins og samstarfsaðili. Þjónusta safnsins við blinda og sjónskerta er í forgrunni og reynt er eftir bestu getu að verða við öllum óskum um bókatitla sem lánþegarnir þurfa. Margir í þessum hópi nota vefvarpstæki og er hægt að hlusta á hljóðbækur safnsins í því. Tækið er þægilegt í notkun og er í raun talandi fjölmiðlun fyrir blinda og sjónskerta og hafa bækur safnsins verið fáanlegar í gegnum þessa miðlunarleið í um 10 ár.

Safnið tók þátt í málþinginu Þjónustan við okkar fólk – staðan, tækifærin, framtíðin sem fór fram á sjónverndardegi 13. október. Þar fjallaði Einar Hrafnsson, deildarstjóri framleiðslu- og tæknideildar, um það hvort bókakostur Hljóðbókasafnsins endurspeglir nægilega vel þann fjölda tungumála sem talaður er í landinu. Áhersla safnsins er á íslenskar bækur en nokkurt efni er til á öðrum tungumálum og lánþegar geta fengið bækur í gegnum millisafnalán.

Samstarf við Rithöfundasambandið og Myndstef

Hljóðbókasafn Íslands og Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) vinna eftir samningi frá árinu 2022 um bótagreiðslur til rithöfunda vegna ritverka sem safnið gerir aðgengileg fyrir lánþega sína. Jafnframt kveður samningurinn á um að RSÍ muni, eins og áður, annast umsjón og úthlutun bóta til allra rithöfunda og þýðenda og er aðild að sambandinu ekki nauðsynleg. Á árinu 2023 greiddi safnið 10.567.577 krónur í bótagreiðslur til rithöfunda og 2.830.215 krónur í umsýslugjald til Rithöfundasambandsins sem sér um að koma bótagreiðslum til rithöfunda. Þá sér RSÍ um að greiða til rithöfunda og þýðenda samkvæmt útlánum safnsins úr bókasafnasjóði rithöfunda. Árið 2023 var þriðja árið þar sem útlán Hljóðbókasafnsins eru talin með þegar kemur að úthlutun til rithöfunda og þýðenda úr þeim deilisjóði. Kostnaður greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis.

Safnið hefur gert samning við Myndstef, félag myndhöfunda, vegna birtingar á myndum í bókum og á bókakápum á vef safnsins. Greiðslur er ekki bundnar ákveðnum höfundum heldur er um að ræða árlega heildargreiðslu sem var á árinu kr. 799.486.

Samráðshópur

Samráðshópur safnsins kom saman fjórum sinnum á árinu en núverandi hópur var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, árið 2022 og er Rósa María Hjörvar formaður. Samráðshópnum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins.



Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands, á mynd eru: Ásdís Þórðardóttir, Andrea Dan Árnadóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsson, Marín Guðrún Hrafnadóttir, Rósa María Hjörvar, Snævar Ivarsson og Oddbergur Eiríksson.

Millisafnalán og bókaveitan ABC

Alþjóðlega bókaveitan ABC (The Accessible Books Consortium) geymir efni á yfir 80 tungumálum fyrir fólk með prentleturshömlun og er ætlað að einfalda stofnunum sem þjónusta þann hóp að skiptast á bókum innbyrðis, lánþegum sínum til heilla. Í framhaldi af fullgildingu Marrakesh-sáttmálans á Íslandi opnaðist Hljóðbókasafninu kærkominn aðgangur að þessari sameiginlegu bókaveitu.

Stærstu flokkarnir eru enska, franska og spænska, en einnig má finna þúsundir bóka á til að mynda þýsku, Norðurlandamálunum og pólsku. Staðla þurfti bókfræðiupplýsingar safnkosts Hljóðbókasafnsins til að fá aðgang því þeir sem nýta ABC verða einnig að veita aðgang að eigin efni. Að auki lána Norðurlöndin bækur sín á milli samkvæmt sérstöku samkomulagi og hefur safnið notið verulega góðs af því samstarfi.

Gervigreind og máltækni

Gervigreindin er nú þegar orðin stór hluti af samfélaginu og fyrirsjáanlegt að notkun gervigreindar eigi eftir að hafa áhrif á allar hliðar rafrænnar þjónustu. Hljóðbókasafnið er þar engin undantekning. Starfsmenn fylgjast með þessari þróun, bæði innan IT Forum samstarfsins og einnig innanhúss, til að bæta og flýta fyrir framleiðslu á aðgengilegu efni.

Hljóðbókasafnið tók á árinu áfram þátt í Máltækniáætlun ríkisins, sem snýst að stærstum hluta um gervigreind, og kom m.a. að undirbúningi fyrir Máltækniáætlun 2. Unnið var í samstarfi við Grammatek um þróun á betri íslenskum talgervlum. Sú vinna skilaði sér í því að í lok árs var kominn bæði hugbúnaður og ferlar til að framleiða námsbækur og aðrar bækur sem þarf að gera aðgengilegar hratt og með texta. Afurðirnar byrjuðu að skila sér til lánþega í upphafi árs 2024.

Þá var unnið að því, í samstarfi við Grammatek, að finna fjármagn fyrir hluta Hljóðbókasafnsins í MathCAT, verkefni sem systurstofnanir safnsins á Norðurlöndum eru að vinna að. Verkefnið snýst um að geta gert raungreinabækur (STEM) aðgengilegar með íslenskum talgervli en í raungreinabókum eru oft flóknar jöfnur og formúlur. Ekki gekk að finna fjármagn á árinu en safnið leitar áfram leiða til að fjármagna þetta mikilvæga verkefni.

Norrænt samstarf

Hljóðbókasafnið nýtur góðs af virku samstarfi við sambærileg söfn á Norðurlöndum. Samstarfssöfnin hafa í sameiningu lýst því yfir að allir þurfi aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Yfirlýsingin endurspeglar sameiginleg grunngildi safnanna og kjarnann í starfseminni, að búa til lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun.

Umbótaverkefni og þróun kalla á virka þátttöku í erlendu samstarfi. Stofnanirnar á Norðurlöndum auk Sviss og Hollands skiptast á upplýsingum um stöðu og framþróun og vinna saman að ýmsum verkefnum, til dæmis um lagaleg málefni, tæknimál, samskipti við útgefendur, þjónustu við lánþega og gerð aðgengilegra bóka.

Samstarf af þessum toga er ómetanlegt fyrir lítið safn eins og Hljóðbókasafnið og hefur skilað sér á fjölmörgum sviðum í bættri þjónustu og auknu hagræði. Þá tryggir samstarfið einnig aðgang að vinnu alþjóðasamfélagsins við að bæta aðgengi fyrir alla. Það er safninu ómetanlegt.

Hljóðbókasafnið tekur þátt í fimm norrænum hópum. Hóparnir fjalla m.a. um lagabreytingar og þróun, tæknimál, notendaþjónustu og útgáfu án aðgreiningar.

Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum, auk safnsins í Sviss, hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað var á Íslandi dagana 25. og 26. maí og var fundurinn haldinn á Hótel Glym í Hvalfirði.

Í lok árs þáði forstöðumaður Hljóðbókasafnsins boð um námsdvöl hjá sænska hljóðbókasafninu MTM (Myndigheten för tillgängliga medier) til að fræðast betur um starfsemina. Hjá MTM starfa um 90 starfsmenn sem sinna margvíslegum verkefnum til að auka aðgengi og stuðla að jafnrétti.



Á myndinni má sjá forstöðumenn Norðurlandasafnanna og Sviss skoða sig um í Hvalfirðinum

Útgáfa án aðgreiningar

Lagaumhverfi nánustu framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila sem leggja áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni. Löggjöf Evrópusambandsins um aðgengi sem taka á gildi 2025 á aðallega við um rafbækur en þó þarf sérstaklega að skoða hljóðbækur með texta. Enn er ekki alveg ljóst hvaða áhrif þessi breyting muni hafa í för með sér fyrir útgefendur á Íslandi.

Rafbækur hafa ekki náð miklum vinsældum hérlendis og minni forlög verða að öllum líkindum undanskilin frá þessum nýju kröfum. Ljóst er þó að aðgengileg útgáfa sem hentar blindum og fólki með prentleturshömlun felur í sér tækifæri sem stækkar lesendahópinn. Lesvenjur eru einnig að breytast og bókamarkaðurinn þarf að laga sig að þeim breytingum.

Hljóðbókasafn Íslands ásamt fimm norrænum systurstofnunum stóð fyrir og tók þátt í ráðstefnu í Malmö á árinu um inngildandi bókamarkað. Ráðstefnan bar yfirskriftina Include 2023 og fjallaði um þessar mikilvægu breytingar sem eru framundan samkvæmt Evrópulöggjöf um aðgengi að öllu prentuðu efni.

Til að framleiða aðgengilegar bækur þarf skilning á þörfum ólíkra lesendahópa og aðaláhersla Include 2023 var á að fræða og upplýsa hagsmunaaðila, aðallega útgefendur, um hvernig hægt er að gera bækur aðlaðandi og notendavænar fyrir blinda og þá sem glíma við prentleturshömlun. Ráðstefnan var skipulögð af verkefnahóp sem kallast NIPI (Nordic Inclusive Publishing Initiative). Tveir starfsmenn Hljóðbókasafnsins sóttu ráðstefnuna sjálfa en aðrir starfsmenn tóku þátt með rafrænum hætti.

Útgáfa án aðgreiningar frá fyrstu hendi er mikil réttarbót og nauðsynlegt er fyrir útgefendur að kynna sér hvernig best megi undirbúa sig undir löggjöfina. Sjá má vefsíðu ráðstefnunnar [hér](#).

Sjá nánar um Evrópulöggjöfina um aðgengilegt efni [hér](#).

Safnkostur

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem í heildina telur rúmlega 12.000 titla. Framleiðsla á bókum gekk ágætlega árið 2023 og í heildina bættust 374 titlar við safnið. Á árinu voru lesnar inn 284 bækur, auk þess sem safnið keypti 63 hljóðrit af útgefendum. Millisafnalán voru 48.

Mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna. Það er því eðlileg þróun að safnið kaupi hljóðbækur í meira mæli en áður. Hlutfall keyptrar hljóðbóka af útgefendum á árinu var 22% sem er mikil breyting og í takt við þróun hljóðbóka á markaði.

Eitt af verkefnum ársins var að lagfæra eldri bækur sem standast ekki nútímakröfur um hljóðgæði og á næstu árum þarf að halda áfram að lagfæra og grísa eldra efni.

Kynningarstarf

Hljóðbókasafn Íslands á gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Kynningarstarf er liður í því að ná til þessa hóps og safnið fagnar öllum tækifærum til að kynna þjónustuna. Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið kynni starfsemina hjá Hringsjá – náms- og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga námsmenn en Hringsjá er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla og vilja hefja nám að nýju.

Samstarf við skóla er mikilvægt sem og samráð við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa þegar kemur að því að kynna starfsemina og framleiðslu námsbóka. Um miðjan mars var farið til Akureyrar til þess að heimsækja bókasöfn, framhaldsskólana tvo og Símei símenntunarmiðstöð. Tilefni ferðarinnar var að kynna Hljóðbókasafnið og koma á betri tengslum við sérkennara, námsráðgjafa og starfsmenn skóla og bókasafna svo safnið fái að vita með góðum fyrirvara hvaða námsbækur stendur til að lesa.

Starfsmenn Hljóðbókasafnsins og Nemendaráðgjafar Háskóla Íslands hittust á árinu til að ræða þjónustu við lestrarhamlaða háskólanema. Nemendum við H.Í sem óska eftir sérstakri aðstoð við nám hefur farið fjölgandi og er það í takt við þróun sem á sér stað alls staðar í heiminum enda er nú sem betur fer hugað betur að þörfum og réttindum þeirra sem þurfa slíka aðstoð.



Á myndinni eru náms- og starfsráðgjafarnir Anna Sigríður Einarsdóttir og Hrafney Svava Þorsteinsdóttir hjá Hringsjá ásamt starfsmönnum Hljóðbókasafnsins, Alfreð Halldórssyni sérfræðingi í námsbókagerð og Marín Guðrúnu Hrafnsdóttur forstöðumanni safnsins.



Hljóðbókasafnið tók þátt í dagskrá Vetrarhátíðar Kópavogsbæjar á Safnanótt í fyrsta skipti þann 3. febrúar og var það kærkomið tækifæri til að kynna safnið. Gestum var boðið að skoða hljóðver safnsins og fylgjast með hljóðbókalesara að störfum auk þess að spreyta sig á að spila á alls konar slagverk.

Starfsþróunaráætlun

Til þess að öll þjónusta safnsins kallist á við breytta tíma og þróun er mikilvægt að starfsfólki sé gert kleift að viðhalda og bæta við þekkingu sína auk þess að fylgjast með nýjustu tækni svo auðveldara sé að koma auga á tækifæri til umbóta.

Í samstarfi við Starfsmennt var á árinu gerð greining á fræðsluþörfum og tóku allir starfsmenn þátt. Þá var unnin starfsþróunaráætlun og stofnað fræðsluteymi.

Horft var sérstaklega til eftirfarandi þátta:

- Að auka ánægju í starfi
- Að nýta betur þá hæfni sem starfsmenn búa yfir
- Að forgangsraða fræðsluþörfum í takt við starfsemi og hlutverk
- Að tryggja að hæfni starfsmanna sé í takt við breytingar og umbótaverkefni
- Að halda betur utan um fræðslu stofnunarinnar, námskeið, heimsóknir og samstarf

Með markvissri fræðslu er hugað að nýjum áskorunum í þjónustu og umhverfi Hljóðbókasafns Íslands. Fyrir fámenna stofnun með stórt og mikilvægt hlutverk eru áskoranir fjölmargar bæði hvað varðar mismunandi þarfir ólíkra lánþegahópa og tæknilegar framfarir.

Lykiltölur

Bækur gerðar aðgengilegar 2023

Eigin framleiðsla

Efni eftir íslenska höfunda	169
– þar af barna- og unglingsbækur	28
Þýddar bækur	94
– þar af barna- og unglingsbækur	32
Námsbækur	25

Alls eigin framleiðsla 263

Keyptar hljóðbækur

Þýddar bækur	32
Eftir íslenska höfunda	31

Alls keyptar af útgefendum 63


Millisafnalán

Alls í millisafnalánum 48

Alls voru **375** bækur gerðar aðgengilegar árið 2023.

Hlutfall keyptra hljóðbóka af útgefendum

2021	19%
2022	14%
2023	22%



Lánþegar

Lánþegar voru í árslok 2023 16.574 talsins. Nýir lánþegar eru að jafnaði um 2000 á ári sé litið til síðustu fimm ára. Mesta fjölgunin á sér stað í aldersflokkunum 9–15 ára og 16–20 ára enda koma flest vottorð í gegnum skóla. Á Íslandi, sem og annars staðar, eru lesblindir stærsti einstaki lánþegahópurinn sem nýtir sér þjónustu Hljóðbókasafnsins. Þeir hópar sem nota safnið mest eru þó blindir og sjónskertir og elsti aldurshópurinn.


Lánþegar eru á öllum aldri og afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að glíma við prentleturshömlun eða sjónskerðingu. Til þess að fá aðgang að safninu þarf að skila inn vottorði frá lækni, sérfræðingi eða sérkennara.

Þjónustuástæða

Virkir lánþegar voru í lok árs 2023 samtals 16.574 sem skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:

Þjónustuástæða virkra lánþega í árslok 2023

Lesblinda	10.246	62%
Aðrar greiningar	4.715	28%
Sjónskerðing/blinda	1.613	10%
Lánþegar alls	16.574	100%




Mynd 3. Þjónustuástæða virkra lánþega, hlutfall.

Aldur virkra lánþega í árslok 2023

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
0-15	4.829	29%
16-20	4.023	24%
21-30	2.231	14%
31-40	1.233	7%
41-50	992	6%
51-60	701	4%
61-70	750	5%
71-80	875	5%
81-90	694	4%
91-110	247	2%
Samtals	16.574	100%

Fjöldi lánþega eftir kyni

Konur	Karlar	Kvór/kynsegin
9068	7495	3




Mynd 4. Aldursdreifing virkra lánþega í lok árs 2023.

Útlán

Útlán voru alls 329.183 árið 2023. Rafræn útlán voru 300.102 og útlán á geisladiskum 29.081 og fækkaði geisladiskum um 3.773 frá fyrra ári.

Tegund útlána 2021-2023

	2021	2022	2023
Rafræn útlán	377.735	328.128	300.102
Geisladiskar	39.388	32.854	29.081
Samtals	417.123	360.982	329.183




Mynd 5. Tegund útlána 2021-2023.

Meðaltalsútlán á lánþega 2020–2023

Að meðaltali tóku lánþegar safnsins 20 bækur að láni árið 2023. Þeir hópar sem nýttu safnið hlutfallslega mestvoru blindirogsjónskertir og elsti aldurshópurinn. Talning útlána var bætt árið 2021 þegar útlán Hljóðbókasafnsins urðu í fyrsta skipti hluti af Bókasafnasjóði höfunda. Færri útlán að meðaltali árið 2022 skýrist af Covid-19 enda safnið mikið nýtt árið 2021. Fækkun útlána á lánþega að meðaltali síðustu tvö ár skýrist af bættri talningu og af Covid-19.

Ár	Fjöldi bóka
2021	27,7
2022	21,3
2023	19,9



Meðaltal útlána á hvern lánþega eftir aldri

Aldur	Meðaltal á ári
0–15	9,96
16–20	9,18
21–30	16,02
31–40	24,71
41–50	27,9
51–60	37
61–70	58,2
71–80	65,4
81–90	51,5
91–110	43,2

Sá aldurshópur sem les flesta titla á ári er elsti hópurinn, frá 61-110 ára. Sá aldurshópur sem telur flesta en nýttir safnið minnst hlutfallslega er frá 0-20 ára.

Útlán út frá þjónustuástandi

Þjónustuástandi	Fjöldi útlána að meðaltali 2023
Blindir og sjónskertir	48,5 bækur á ári
Lesblindir	13,8 bækur á ári
Aðrar greiningar	23,2 bækur á ári

Sá hópur sem nýttir safnið mest eru blindir og sjónskertir.

Grunnupplýsingar

Hljóðbókasafn Íslands

Digranesvegi 5, 200 Kópavogi

Sími: 54 54 900

Vefur: <http://www.hbs.is>

Netfang: hbs@hbs.is

Starfsfólk

Forstöðumaður:

Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Útlána- og upplýsingadeild:

Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri

Sigrún Pétursdóttir, bókaforstöður

Ingunn Helga Gunnarsdóttir, bókaforstöður

Framleiðslu- og tæknideild:

Einar Hrafnsson, deildarstjóri

Hafþór Ragnarsson, hljóðver

Alfreð Halldórsson, námsbækur

Gunnar Grímsson, upplýsingatæknistjóri

Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands skv. lögum nr. 150/2012

Samráðshópurinn skipa:

Rósa María Hjörvar, formaður, tilnefnd af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi, Heiða Ingólfssdóttir varaformaður, tilnefnd af Félagi sérkennara á Íslandi, Snævar Ívarsson, tilnefndur af Félagi lesblindra á Íslandi, Andrea Dan Árnadóttir, tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Oddbergur Eiríksson, tilnefndur af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Varamenn eru:

Kristinn Halldór Einarsson, tilnefndur af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi, Sædís Ósk Harðardóttir, tilnefnd af Félagi sérkennara á Íslandi, Ásta Rós Snævarsdóttir, tilnefnd af Félagi lesblindra á Íslandi, Kristín Lilja Thorlacius Björnsson, tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Ásdís Þórðardóttir, tilnefnd af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.



Lesarar 2023

Arna Björk Jónsdóttir
Arndís Hrönn Egilsdóttir
Arndís Þórarinsdóttir
Árni Blandon
Ásdís Thoroddsen
Berglind Steinsdóttir
Birta Ösp Rósinberg Harðardóttir
Björk Þorgrímsdóttir
Björn Þorláksson
Bryndís Jónatansdóttir
Dagmar Íris Gylfadóttir
Edda Björnsdóttir
Eggert A. Kaaber
Einar Hrafnsson
Einar Örn Stefánsson
Elín Gunnarsdóttir
Friðrik Gígja
Gríma Kristjánsdóttir
Guðmundur Ólafsson
Guðmundur S. Brynjólfsson
Guðrún Sigríður Sæmundsen
Hafþór Ragnarsson
Hanna Lind R. Sigurjónsdóttir
Hanna María Karlsdóttir
Hannes Óli Ágústsson
Helga Elínborg Jónsdóttir
Hinrik Ólafsson
Hjálmar Hjálmarsson
Hjörtur Pálsson
Ingibjörg Hjartardóttir
Jóna Valborg Árnadóttir
Katrín Ásmundsdóttir
Kristín Björk Kristjánsdóttir
Kristján Franklín Magnús
Magnús Þór Hafsteinnsson
Margrét Kaaber
Margrét Örnólfsdóttir
María Lovísa Guðjónsdóttir
Olga Guðrún Árnadóttir
Ólöf Rún Skúladóttir
Ólöf Sverrisdóttir
Pétur Eggerz
Pétur Oddbergur Heimisson
Sara Friðgeirsdóttir
Sigríður Láretta Jónsdóttir
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir
Sigurður Karlsson
Sigurður Skúlason
Sirrý (Sigríður Arnadóttir)
Sólveig Hauksdóttir
Sólveig Pálsdóttir
Sunna Björk Þórarinsdóttir
Súsanna Margrét Gestsdóttir
Svavar Jónatansson
Þóra Karítas Árnadóttir
Þórey Sigþórsdóttir
Þórunn Hjartardóttir
Vala Þórsdóttir



Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2023

Alls voru 375 bækur gerðar aðgengilegar árið 2023.

Adolfsson, Maria (f. 1958)	Að duga eða drepast
Ævar Þór Benediktsson (f. 1984)	Skólaslit 2: Dauð viðvörun
Ágúst Borgþór Sverrisson (f. 1962)	Vektu ekki barnið
Ágúst Guðmundsson (f. 1947)	Maður í eigin bíómynd
Ágústa Gunnarsdóttir	Kennslu- og æfingahefti í notkun á tölvulyklaborði
Ahnhem, Stefan (f. 1966)	Allt önnur saga
Ahrnstedt, Simona (f. 1967)	Bara aðeins meira
Álfheiður Steinþórsdóttir (f. 1946)	Ást í blíðu og stríðu
Allende, Isabel	Violeta
Andri Snær Magnason (f. 1973)	LoveStar
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Beitarfræð: kennsluhefti fyrir búfræði
Anna Kristín Ásbjörnsdóttir (f. 1971)	Guðir og vættir úr Snorra-Eddu
Anna María Bogadóttir	Jarðsetning
Ármann Jakobsson (f. 1970)	Prestsetrið
Armas, Elena	Spænska ástarblekkingin
Arnaldur Indriðason (f. 1961)	Sæluríkið
Arndís Þórarinsdóttir (f. 1982)	Mömmuskipti
Arnór Sigurjónsson (f. 1953)	Íslenskur her: Breyttur heimur, nýr veruleiki
Ása Marin (f. 1977)	Sjávarhjarta
Ásdís Aðalbjörg Arnalds (f. 1977)	Staða lesblindra barna og ungmenna á Íslandi
Ásdís Ingólfssdóttir (f. 1958)	Efnafræði - Grunnáfangi
Áslaug Kristjánsdóttir (f. 1977)	Lífið er kynlíf: Handbók kynfræðings um langtímasambönd
Ásmundur Friðriksson (f. 1956)	Lífssaga Didda Frissa
Auður Ava Ólafsdóttir (f. 1958)	DJ Bambi
Auður Jónsdóttir (f. 1973)	Högni
Austen, Jane (f. 1775)	Aðgát og örlyndi
Bakkeid, Heine	Refsiengill
Bára Baldursdóttir (f. 1957)	Kynlegt stríð: ástandið í nýju ljósi
Bardugo, Leigh	Ruin and rising

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2023

Bates, Quentin (f. 1962)	Helköld illska
Benný Sif Ísleifsdóttir (f. 1970)	Einstakt jólatré
Bergrún Íris Sævarsdóttir (f. 1985)	VeikindaDagur
Bergrún Íris Sævarsdóttir (f. 1985)	Kennarinn sem sneri aftur
Bergþóra Snæbjörnsdóttir (f. 1985)	Duft: söfnuður fallega fólksins
Bjarni Fritzon (f. 1980)	Orri óstöðvandi : Jólin eru að koma
Bjarni Fritzon (f. 1980)	Salka: Hrekkjavakan
Bjarni Skúli Ketilsson (f. 1966)	Akranes heima við hafið
Björg Magnúsdóttir (f. 1985)	Pessi týpa
Björgvin Páll Gústavsson (f. 1985)	Barn verður forseti
Björn Þorláksson (f. 1965)	Dauðinn
Börjlind, Cilla	Priðja röddin
Brynhildur Björnsdóttir (f. 1970)	Venjulegar konur : vændi á Íslandi
Brynhildur Þórarinsdóttir (f. 1970)	Smáralindar-Móri
Brynjólfur Þorsteinsson (f. 1990)	Sonur grafarans : draugabók
Butchart, Pamela	Geimverubörnin tóku kennarann minn!
Butchart, Pamela	Njósnaþingurinn sem elskaði skólamat
Byng, Georgia	Molly Moon og indverski töframaðurinn
Cabeza, Anna	Leynardómurinn um stóra sjóbirtinginn
Carrére, Emmanuel	Skíðaferðin
Child, Lee (f. 1954)	Hundaheppni
Clary, Julian	Bold fjölskyldan í grænum gír
Clary, Julian	Bold-fjölskyldan verður villt
Cleeves, Ann (f. 1954)	Straumhvörf
Cleeves, Ann (f. 1954)	Fiðrildafangarinn
Cleeves, Ann (f. 1954)	Nákuldi
Colgan, Jenny (f. 1972)	Miðnætti í Litlu jólabókabúðinni
Colgan, Jenny (f. 1972)	Sólarupprás við sjóinn
Cornwell, Patricia	Lokavitni
Dahl, Roald (f. 1916)	The witches
Davíð Þór Jónsson (f. 1965)	Stigamenn í Styrskógum
Davíð Þorsteinsson (f. 1948)	Eðlisfræði 203
De la Motte, Anders	Dauðinn á opnu húsi

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2023

Denysenko, Larysa	Maía og vinir hennar
Dickinson, Emily	Berhöfða líf: ljóðaúrval
Donaldson, Julia	Öll í hóp á einum sóp
Dóra S. Bjarnason (f. 1947)	Undir huliðshjálm: sagan af Benedikt
Doyle, Arthur Conan	Tákn fjórmenninganna
Doyle, Arthur Conan	Hefndin
Edda Falak (f. 1991)	Það sem ég hefði viljað vita
Eðvarð Ingólfsson (f. 1960)	Lífssaga Ragga Bjarna: söngvara og spaugara
Egerkrans, Johan	Hin ódauðu
Egill Ólafsson (f. 1953)	Sjófuglinn: “fair wind following seas”
Einar Kárason (f. 1955)	Heimsmeistari
Einar Kárason (f. 1955)	Söngur villiandarinnar og fleiri sögur
Einar Már Guðmundsson (f. 1954)	Því dæmist rétt vera
Einar Örn Gunnarsson (f. 1961)	Draugasinfónían
Einar Örn Gunnarsson (f. 1961)	Benjamín
Einar Örn Gunnarsson (f. 1961)	Tár paradísarfuglsins
Einar Örn Gunnarsson (f. 1961)	Ég var nóttin: Reykjavíkursaga
Ejersbo, Sara	Youtuber í einn dag
Ejersbo, Sara	Leyndarmál Emmu
Ejersbo, Sara	Bekkjardrottningin
Elín Hirst (f. 1960)	Afi minn stríðsfanginn
Elísabet Thoroddsen (f. 1981)	Allt er svart í myrkrinu
Embla Bachmann (f. 2006)	Stelpur stranglega bannaðar!
Engberg, Katrine (f. 1975)	Voðaskot
Ernaux, Annie (f. 1940)	Kona
Ernaux, Annie (f. 1940)	Ungi maðurinn
Eva Björg Ægisdóttir (f. 1988)	Heim fyrir myrkur
Eva Rún Þorgeirsdóttir (f. 1978)	Hættuför í huldubbyggð
Eygló Jónsdóttir (f. 1957)	Sóley í Undurheimum
Ferrada, María José	Kramp
Fífa Larsen (f. 1971)	Grátvíðir
Flowers, Ashley	Hér er bara gott fólk
Foley, Lucy	Íbúðin í París
Friðgeir Einarsson (f. 1981)	Serótónín endurupptöku hemlar

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2023

Frjáls verslun	Tekjublaðið 2023
Garner, James Finn	Gömlu ævintýrin löguð að rétt hugsun samtímans
Genberg, Ia	Smáatriðin
Gísli Bachman (f. 1959)	Stærðfræði 2B
Gísli Bachman (f. 1959)	Stærðfræði 2A
Gísli Bachman (f. 1959)	Stærðfræði 1
Green, Ryan	Kentucky-mannætan
Griffiths, Andy, 1961-	13 hæða trjáhúsið
Griffiths, Anthony J. F.	Introduction to genetic analysis
Grue, Jan	Ég lifi lífi sem líkist ykkar
Guðjón Jenson (f. 1952)	Löngu horfin spor
Guðlaug Ragnarsdóttir (f. 1957)	Matvælaöryggi og örverufræði
Guðmundur Andri Thorsson (f. 1957)	Rimsírams
Guðmundur Einarsson (f. 1943)	Vélar og vélbúnaður 3
Guðmundur Einarsson (f. 1943)	Vélar og vélbúnaður 2
Guðmundur Magnússon (f. 1956)	Séra Friðrik og drengirnir hans
Guðmundur Pétursson (f. 1946)	Öll nema fjórtán
Guðmundur S. Brynjólfsson (f. 1964)	Hrópað úr tímaþvottavélinni
Guðni Elísson 1964-	Brimhólar
Guðni Karlsson (f. 1933)	Ökunámið
Guðrún Brjánsdóttir (f. 1995)	Óbragð
Guðrún Guðlaugsdóttir (f. 1944)	Af lífi og sál: íslenskir blaðamenn III
Guðrún Jónína Magnúsdóttir (f. 1949)	Silja
Guðrún Jónína Magnúsdóttir (f. 1949)	Harpa
Guðrún Sigríður Sæmundsen (f. 1982)	Hann kallar á mig
Gunnar Helgason (f. 1965)	Alexander Daníel Hermann Dawidsson : bannað að drepa
Gunnar Helgason (f. 1965)	Bella gella krossari
Gunnar Theodór Eggertsson (f. 1982)	Stjörnuljós
Gunnar Þór Bjarnason (f. 1957)	Ævintýrið um Marel
Gylfi Hafsteinsson (f. 1974)	Egils saga
Gyrðir Elíasson (f. 1961)	Pensilskrift: smáprósar II
Gyrðir Elíasson (f. 1961)	Þöglu myndirnar: smáprósar I
Halldór Kristjánsson (f. 1910)	Ágúst á Brúnastöðum lítur yfir farinn veg
Hallfríður Eysteinsdóttir (f. 1961)	Strákurinn sem fékk stelpu í netið

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Hallveig Thorlacius (f. 1939)	Babúska
Harding, Robin	Makaskiptin
Heiðrún Villa Ingudóttir (f. 1982)	Glaðasti hundur í heimi!: biblía hundaeigandans
Helgi Þorláksson (f. 1945)	Á sögustöðum: Bessastaðir, Skálholt, Oddi, Reykholt, Hólar, Þingvellir
Henrik Geir Garcia (f. 1985)	Læknir verður til
Henry, Emily	Fólk sem við hittum í frí
Herbert, Frank (f. 1920)	Dúna
Hildur Knútsdóttir (f. 1984)	Urðarhvarf
Hjalti Halldórsson (f. 1980)	Lending
Hjorth, Vigdis	Arfur og umhverfi
Hlín Agnarsdóttir (f. 1953)	Einlífi: ástarrannsókn
Hlynur Níels Grímsson (f. 1966)	Veikindadagar
Hólmsteinn Helgason (f. 1893)	Úr sagnabrunni Hólmsteins Helgasonar
Hoover, Colleen	9. nóvember
Hoover, Colleen	Verity
Horst, Jørn Lier (f. 1970)	Innsta herbergið
Houglum, Peggy A	Brunnstrom's clinical kinesiology
Hrabal, Bohumil (f. 1914)	Alveg glymjandi einvera
Hrund Hlöðversdóttir (f. 1972)	Órói: Krunk hrafnanna
Hughes, Kathryn (f. 1964)	Minningaskrínið
Hunter, C. Roy (f. 1943)	Listin að dáleiða
Illugi Jökulsson (f. 1960)	Haaland: Sá hættulegasti
Inga Kristjánsdóttir (f. 1946)	Bréfin hennar Viktoríu
Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir (f. 1979)	Ég verð aldrei ungfrú meðfærileg
Ingibjörg Valsdóttir (f. 1970)	Að breyta heiminum
Ingimundur Gíslason (f. 1945)	Konan sem alltaf gekk á undan: sögur
Itärantta. Emmi	La memoria del agua
Jakob F. Ásgeirsson (f. 1961)	Jökulsævintýrið
Jóhann Sigurjónsson (f. 1942)	Efnafræði 2
Jóhannes Nordal (f. 1924)	Lifað með öldinni
Jóhannes Tómasson (f. 1952)	Björn Pálsson: flugmaður og þjóðsagnapersóna
Johnson, Gerry	Exploring strategy
Jón Atli Jónasson (f. 1972)	Eitur

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Jón Atli Jónasson (f. 1972)	Brotin
Jón Páll Björnsson (f. 1962)	Lavander litli er lúmskur
Jón Þ. Þór (f. 1944)	Kleópatra: ævi, ástir og örlög síðustu drottningar Egyptalands
Jón Þorvarðarson (f. 1954)	Stæ 225
Jón Þorvarðarson (f. 1954)	Stæ 205
Jóna Ágústa Gísladóttir (f. 1968)	Sá einhverfi og við hin
Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir	Hlutskipti: Saga þriggja kynslóða
Jónas Reynir Gunnarsson (f. 1987)	Kákasus-gerillinn
Jónína Leósdóttir (f. 1954)	Þvingun
Josipovici, Gabriel	Grafreiturrinn í Barnes
Kallentoft, Mons (f. 1968)	Himinópið
Kamilla Kjerúlf (f. 1995)	Leynardómar Draumaríkisins
Keegan, Claire	Smámunir sem þessir
King, Stephen (f. 1947)	Strax efter solnedgángen
King, Stephen (f. 1947)	Dödsbádden
Kinney, Jeff	Dagbók Kidda klaufa: Rokkarinn reddar öllu
Kjartan Heiðberg (f. 1951)	Upp á punkt: upprifjun grunnþátta í stærðfræði
Klabbers, Jan	International law
Kokko, Yrjö	Poro: muistelus
Kokko, Yrjö	Neljän tuulen tie
Kokko, Yrjö	Sångsvanens land
Kokko, Yrjö	Pessi ja Illusia: satu
Kokko, Yrjö	Molli: maailman viisain koira
Kollerud, Odd	Eðlisfræði: Afþræði, Varmi
Koontz, Dean (f. 1945)	Dularmögn
Korneliussen, Niviaq	Blómadalur
Kravtjenko, Viktor	Jag valde friheten
Kristín Bragadóttir (f. 1948)	Bakkadrottningin Eugénía Nielsen
Kristín Ómarsdóttir (f. 1962)	Móðurást: Oddný
Kristín Ragna Gunnarsdóttir (f. 1968)	Nornasaga 3: þrettándinn
Kristín Ragna Gunnarsdóttir (f. 1968)	Nornasaga 2: nýársnótt
Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir	Slökun og hugleiðsla með Kristínu Sjöfn
Kristinn Rúnar Kristinsson (f. 1989)	Maníuraunir
Kuijer, Guus	Bókin um allt

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Kúrkov, Andrej	Gráar býflugur
Läckberg, Camilla	Gauksunginn
Lagercrantz, David	Memoria: en Rekke/Vargas deckare
Lárus Jón Guðmundsson (f. 1961)	Höfuðlausn
Lawrence, Patrice	Eight pieces of Silva
Lemaitre, Pierre (f. 1951)	Snákurinn mikli
Levine, James A.	Bláa minnisbókin
Levine, Peter A.	In an unspoken voice: how the body releases trauma and restores goodness
Lilja Magnúsdóttir (f. 1963)	Friðarsafnið
Lilja Magnúsdóttir (f. 1963)	Gaddavír og gotterí
Lilja Sigurðardóttir (f. 1972)	Dauðadjúp sprunga
Lína Guðlaug Atladóttir (f. 1959)	Rót: allt sem þú þarft að vita um Kína og meira til
Lindell, Unni (f. 1957)	Aðskotadýr
Lóa H. Hjálmtýsdóttir (f. 1979)	Héragerði: ævintýri um súkkulaði & kátínu
MacDonald, Alan	Fróði sóði: bók 6
MacDonald, Alan	Fróði sóði: bók 5
Mackintosh, Clare	Gísl
Mansell, Jill	Prennt sem er frábært við þig
Mansell, Jill	Kannski í þetta sinn
Margrét Blöndal (f. 1961)	Þá breyttist allt
Margrét Júlía Rafnsdóttir (f. 1959)	Hjartarætur: sagan hans pabba
Marín Guðrún Hrafnisdóttir (f. 1968)	Hljóðbókasafn Íslands - Starfsskýrsla 2022
Marklund, Liza (f. 1962)	Veðrafjall
Marsons, Angela	Banvænn sannleikur
McFadden, Freida	Það sem þernan sér
McKinnon, Catriona	Issues in Political Theory
Meggitt-Phillips, Jack	Ókindin og Bethany
Morgan, Sarah (f. 1948)	Jólabókaklúbburinn
Moyes, Jojo (f. 1969)	Í hennar skóm
Muncaster, Harriet	Ísadóra Nótt fer í gistipartí
Muncaster, Harriet	Ísadóra Nótt fer í tívolí
Murray, Patrick R	Medical Microbiology
Mytting, Lars	Systraklukkurnar

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Nadeau, Kathleen G. (f. 1950)	Lærðu að láta þig þér líða vel og vera í jafnvægi
Nadeau, Kathleen G. (f. 1950)	Lærðu að hægja á og fylgjast með
Nanna Kristín Christiansen (f. 1950)	Leiðsagnarnám: hvers vegna, hvernig, hvað?
Nanna Rögnvaldardóttir (f. 1957)	Valskan
Nayeri, Dina aldrei	Vanþakkláti flóttamaðurinn: það sem innflytjendur segja þér
Nesbø, Jo	Fulltrúi afbrýðinnar og fleiri sögur
Nesbø, Jo	Blóðmáni
Ng, Celeste	Litlir eldar alls staðar
Nore, Aslak	Kirkjugarður hafsins
Oddný G. Harðardóttir (f. 1957)	Stærðfræði handa fornámi
Ohlsson, Kristina	Múmíuráðgátan
Ólafur Gunnar Guðlaugsson (f. 1964)	Ofurvættir
Ólafur Gunnarsson (f. 1948)	Herörin og fleiri sögur
Ólafur Jóhann Ólafsson (f. 1962)	Snjór í paradís
Ólafur Unnsteinsson (f. 1982)	Hús hinna sívölu ganga
Óliver Þorsteinsson (f. 1996)	Artúr og álfaprinsessurnar: verndarar sporðljónsins
Óliver Þorsteinsson (f. 1996)	Artúr og álfaprinsessurnar: minjagripur vandræða
Óliver Þorsteinsson (f. 1996)	Pegar leikskólakennararnir hurfu
Orrí Páll Ormarsson (f. 1971)	Í faðmi ljónsins: Ástarsaga
Orwell, George	Í reiðuleysi í París og London
Óskar Magnússon (f. 1954)	Leyniviðauki 4
Osman, Richard (f. 1970)	Skotið sem geigaði
Óttar Sveinsson (f. 1958)	Útkall: Mayday - erum að sökkva
Owetz, Eli Åhman	Sköna Maj
Padgett, Deborah K.	Qualitative methods in social work research
Páll Biering (f. 1951)	Sjálfs hjálparbók hjálparstarfsmannsins
Páll Skúlason	Júnkerinn af Bræðratungu
Pálmi Jónasson (f. 1968)	Að deyja frá betri heimi: ævisaga Jónasar Kristjánssonar
læknis	
Peale, Norman Vincent	The power of positive thinking
Persson, Leif G. W.	Linda - eða Lindumorðið
Quinn, Julia	The Bridgertons: Happily, Ever After
Quinn, Julia	On the way to the wedding

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Quinn, Julia	It's in his kiss
Quinn, Julia	When he was wicked
Quinn, Julia	To Sir Phillip, with love
Ragnar Jónasson (f. 1976)	Hvítalogn
Ragnar Stefánsson (f. 1938)	Hvenær kemur sá stóri?: að spá fyrir um jarðskjálfta
Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1953)	Jólaljós
Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1953)	Steinninn
Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1953)	Blinda
Ragnheiður Jónsdóttir (f. 1989)	Blóðmjólk
Rämö, Satu	Hildur
Reid, Taylor Jenkins	Malibu brennur
Renklint, David	Blixtbarn
Riley, Lucinda (f. 1965)	Perlusystirin
Riley, Lucinda (f. 1965)	Systirin í skugganum
Riordan, Rick	Percy Jackson and the Greek heroes
Riordan, Rick	Percy Jackson and the Greek gods
Riordan, Rick	The serpent's shadow
Rós Ingadóttir (f. 1953)	Snorri litli folald
Roslund, Anders	Sofðu rótt
Særún Lía Birgisdóttir (f. 1968)	Hættið þessu fikti strákar
Sævar Helgi Bragason (f. 1984)	Hamfarir
Sævar Helgi Bragason (f. 1984)	ÚPS!: mistök sem breyttu heiminum
Sarenbrant, Sofie	Opið hús
Schopenhauer, Arthur	Listin að hafa ávallt rétt fyrir sér : 38 leiðir til að vinna kappræður sem annars hefðu tapast
Schulman, Ninni (f. 1972)	Pegar allar klukkur stöðvast
Sharpe, Tom	Bókafárið mikla
Shireen, Nadia	Rumpuskógur : látum feldi fljúga!
Sigmundur Ernir Rúnarsson (f. 1961)	Í stríði og friði fréttamenskunnar
Sigríður Dúa Goldsworthy (f. 1963)	Morðin í Dillonshúsi
Sigríður Hagalín Björnsdóttir (f. 1974)	Deus
Sigrún Alba Sigurðardóttir (f. 1973)	Sumarblóm og heimsins grjót
Sigrún Harðardóttir (f. 1956)	Hámarksárangur í námi með ADHD
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir (f. 1952)	Ný menning í öldrunarþjónustu

Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu 2023

Sigrún Pálsdóttir (f. 1967)	Men
Sigtryggur Baldursson (f. 1962)	Haugalygi
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Hegðun og atferlismótun (Leseftni)
Sirry (f. 1965)	Betri tjáning
Sjöwall, Maj	Den skrattande polisen
Sjöwall, Maj	Roseanna
Sjöwall, Maj	Polis, polis, potatismos!
Sjöwall, Maj	Brandbilen som försvann
Sjöwall, Maj	Mannen som gick upp i rök
Sjöwall, Maj	Mannen på balkongen
Sjöwall, Maj	Den vedervärdige mannen från Säffle
Sjöwall, Maj	Polismördaren
Sjöwall, Maj	Det slutna rummet
Skúli Sigurðsson (f. 1985)	Maðurinn frá São Paulo
Smith, Julie	Af hverju hefur enginn sagt mér þetta fyrr?
Snæbjörn Arngrímsson (f. 1961)	Hin útvalda
Sólveig Pálsdóttir (f. 1959)	Miðillinn
Sölvi Tryggvason (f. 1978)	Skuggar
Spark, Muriel	Blómaskeið ungfrú Jean Brodie
Steadman, A.F.	Skandar og einhyrningaþjófurinn
Stefán Máni (f. 1970)	Borg hinna dauðu
Stefán Máni (f. 1970)	Hrafnskló
Stefán Rafnar Jóhannsson (f. 1952)	Innréttingar
Steinar J. Lúðvíksson (f. 1941)	Hetjudáðir á hafi úti
Steinar J. Lúðvíksson (f. 1941)	Skipin sem hurfu
Steindór Ívarsson (f. 1963)	Sálarhlekkir
Steindór Ívarsson (f. 1963)	Blóðmeri
Steindór Ívarsson (f. 1963)	Pegar fennir í sporin
Steindór J. Erlingsson (f. 1966)	Lífið er staður þar sem bannað er að lifa
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir (f. 1981)	Satanía hin fagra
Sten, Camilla (f. 1992)	Hættulegur hæfileiki
Sten, Viveca (f. 1959)	Daladrungi
Stolyarova, Natasha (f. 1987)	Máltaka á stríðstímum
Stowell, Louie	Loki: leiðarvísir fyrir þrakkara

Svavar Gestis (f. 1926)	Hugsað upphátt: Æviminningar
Sveindís Jane Jónsdóttir (f. 2001)	Sveindís Jane: saga af stelpu í fótbolta
Sverrir Norland (f. 1986)	Kletturinn
Tarmio, Hannu	Lapin sydän: etelän vieraat pohjoisen sielua etsimässä
Tavares, Gonçalo M.	Jerúsalem
Taylor, Shelley E.	Health psychology
Theorin, Johan (f. 1963)	Beinaslóð
Pórarinn Eldjárn (f. 1949)	Hlustum frekar lágt
Pórdís Gísladóttir (f. 1965)	Aksturslag innfæddra
Pórir Guðmundsson (f. 1960)	Í návígi við fólkið á jörðinni
Þorsteinn Jónsson (f. 1946)	Vordagar í Prag
Þorvaldur Friðriksson (f. 1952)	Keltar : áhrif á íslenska tungu og menningu
Tolle, Eckhart (f. 1948)	Krafturinn í núinu
Tolle, Eckhart (f. 1948)	Ný jörð
Tómas R. Einarsson (f. 1953)	Gangandi bassi
Tómas Zoëga (f. 1993)	Skrímslavinafélagið
Tómas Zoëga (f. 1993)	Nornin í eldhúsinu
Tutuola, Amos	Pálmavínsdrykkjumaðurinn
Tveit, Odd Karsten	Palestina: Israel's ran, vårt svik
Unnur Lilja Aradóttir (f. 1981)	Utan garðs
Váhlund, Elias	Handbók fyrir ofurhetjur. Áttundi hluti, Nóttin langa
Valur Gunnarsson (f. 1976)	Stríðsbjarmar: Úkraína og nágrenni á átakatímum
Van der Kolk, Bessel A. (f. 1943)	Líkaminn geymir allt
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar	Sjálfstætt líf
Vera Illugadóttir (f. 1989)	Dýrin
Vera Roth (f. 1963)	Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu
Vigdís Grímsdóttir (f. 1953)	Ævintýrið
Vilborg Davíðsdóttir (f. 1965)	Land næturinnar
Volckmer, Katharina	Kæri læknir (eða saga um tittling)
Walliams, David (f. 1971)	Ofurskrímlið
Walliams, David (f. 1971)	Verstu gæludýr í heimi
Waltari, Mika	Mikael Karvajalka
Wennstam, Katarina	Döda kvinnor förláter inte
Whalen, M.D.	Stóra ógeðsbókin um hor

Whalen, M.D.	Stóra ógeðsbókin um prump
Whitman, Walt, 1819-1892	Söngurinn um sjálfan mig
Widmark, Martin (f. 1961)	Spítalaráðgátan
Widmark, Martin (f. 1961)	Kappreiðaráðgátan
Wingate, Lisa (f. 1965)	Áður en við urðum þín
Yngvi Ragnar Kristjánsson (f. 1970)	Jólasveinarnir í Dimmuborgum
Young, Hugh D.	Sears and Zemansky's university physics with modern physics
Ypi, Lea	Frjáls: Æska í skugga járntjaldsins
Yrsa Sigurðardóttir (f. 1963)	Frýs í æðum blóð
Yrsa Þöll Gylfadóttir (f. 1982)	Rambó er týndur
Zipfel, Dita	Uppskrift að klikkun: hjartasósa, hafgúuheilar & gvakamóri við leiðindum
Zweig, Stefan	Ósýnilega safnið

